



HVERNIG KJÓSANDI ERT PÚ?

1. Konur eiga að vera a.m.k. helmingur þeirra sem sitja á Alþingi.
2. Lágmarkslau n sem duga til framsærslu eiga að vera lögbundin.
3. Skattaálogur á láglau n og meðallaun eru of miklar.
4. Fjölg a þarf skattþrépum þannig að hálauna fólk borgi hlutfallslega meira.
5. Börn og aldraðir bú a við öryggisleysi sem þarf að bæta úr.
6. Þjóðarheimilið er illa rekið. Við þursum að fara betur með almanna fáe.
7. Fólk a að standa til boða öruggt leigu húsnæði á viðráðanlegu verði.
8. Gædi lands og sjávar eru höfuðstóll sem ekki má rýra. Lísum af vöxtunum.
9. Endalok kalda stríðsins í Evrópu hafa í för með sér að Íslendingar geta að nýju tekið upp hlutleysisstefnuna frá 1918.
10. Íslendingar eiga ekki að ganga í Evrópubandalagið.
11. Álver leysir ekki vanda Íslendinga í atvinnumálum. Þar þursa aðrar lausnir að koma til.

Hva ost eru: sammála ____ ósammála ____ hlutlaus ____ ?

TELJIÐ STIGIN:

Sammála 7 sinnum eða oftar :

Pú átt greinilega samleið með Kvennalistanum Má bjóða þér í dans?

Sammála 6 sinnum eða sjaldnar :

Pú þarfst að athuga málið aðeins betur. Það eru margir dansar estir enn. Líka vangadansinn.

Ósammála 7 sinnum eða oftar:

Pú átt samleið með gömlu flokkunum. Ertu á réttu balli?

Ósammála 6 sinnum eða sjaldnar:

Pú ættir að hugsa málið betur. Enn er tími fyrir dömufrí!

Hlutlaus 5 sinnum eða oftar:

Það er tímabært að taka afslöðu. Það þýðir ekki að sitja á bekknunum í allt kvöld. Drísfu þig út á gólfisíð!


Endurunnið papír

Kvenna listinn

xV

STEFNU SKRÁ
Í LANDSMÁLUM 1991

b/s. 3-5



Umhverfismál

Framtíð mannkyns veltur á því, hvernig við umgöngumst náttúruna, hvernig við nýtum gögn hennar og gæði og hvort við berum gæfu til að bæta úr þeim spjöllum, sem við höfum valdið henni. Maðurinn gengur þvert á mörg lög mál Móður Jarðar á leið sinni að skammtíma gróða og tekur hvorki tillit til hagsmunu heildarinnar, jarðar né framtíðar.

Umhverfisvernd er að ganga um náttúruna með virðingu og nærgætni, að nýta auðlindir hennar með skynsemi og fyrri hyggju, taka aðeins vextina, en láta höfuðstólinn ósnertan, til þess að afkomendur okkar fái notið sömu náttúrugæða og núlifandi kynslóðir.

Umhverfismál á Íslandi eru í miklum ólestri. Nú hefur loks náðst sá áfangi að stofnað hefur verið sérstakt ráðuneyti umhverfismála, en það er enn ófullkomíð og vanmáttugt. Mikilvægt er að það fái aukið vægi í stjórnerfinu og að undir það verði felldar stofnanir og starfsemi á sviði umhverfismála.

Einn alvarlegasti vandinn, sem við er að fást hér á landi, er gróðureyðing. Talið er, að gróið land hafi verið tvívar til prisvar sinnum meira við upphaf landnáms en nú er. Forfeður okkar komust ekki hjá að stunda rányrkju til að komast af. Núlifandi kynslóðir hafa bæði getu og þekkingu til þess að snúa vörn í sókn í baráttunni við gróðureyðinguna, en viljann hefur vantað hjá stjórnvöldum.

xV

Heimsbyggðinni allri, komandi kynslóðum og náttúrunni er ógnað af vígbún-aði, auðlindaþurrð, eyðingu lands, sorpi og iðnaðarmengun. Til að koma í veg fyrir tortímingu mannkyns þarf samstilt átak þar sem allir taka höndum saman, bæði einstaklingar og þjóðir. Hver og einn getur lagt sitt 160 á vogarskálarnar í sínu daglega lífi. Konur sem flestar eru innkaupastjórar heimilanna geta í mörgum tilvikum valið vörur sem eru umhverfinu vinsamlegar en hafnað hinum.

Íslendingar hafa skyldur gagnvart umheiminum ekki síður en næsta umhverfi. Mikilvægt er að við leggjum okkar af mörkum til að vernda íslenskt umhverfi og leggja um leið fram okkar skerf til að koma í veg fyrir eyðingu jarðarinnar. Af þessu leiðir að við höfnum áformum um mengandi stóriðju hér á landi.

Aukin ferðamennska á Íslandi hefur valdið því að sumir fugurstu staðir landsins eru í hættu vegna ógætilegrar umferðar og átroðnings. Það er því mikilvægt umhverfismál að bæta aðstæður víða um land, bæði með tilliti til öryggis ferðamanna og ekki síður með tilliti til viðkvæmrar náttúru landsins.

Brýnast alls er að auka umhverfisvitund vegna þess að þekking og skilningur á náttúrunni er í raun og veru það eina sem getur komið í veg fyrir að maðurinn þurrausi auðlindir jarðar og eyðileggi það umhverfi sem hann lifir í. Umhverfisrannsóknir og umhverfisfræðsla, sem beinast að því að auka skilning og um leið virðingu fyrir náttúrunni og áhuga á verndun hennar, er nú lítil hérlandis. Slík fræðsla er þó ekki aðeins lífsnauðsynleg vegna hefðbundinnar nýtingar auðlinda til lands og sjávar, heldur er hún einnig til þess fallin að auka ánægju fólks af útvist og bæta umgengni þess.

Kvennalistinn vill:

- ♀ að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við ákvarðanir um skipulag og hvers konar framkvæmdir og rekstur,
- ♀ að allar stofnanir sem fara með umhverfismál falli undir umhverfisráðuneytið,
- ♀ að gerðar séu ítrустu kröfur um að mengun verði ævinlega í lágmarki og þeim kröfum fylgt eftir með virku eftirliti og viðbúnaði til að bregðast við umhverfisslysum,
- ♀ að sérstakt gjald verði lagt á mengandi vörur og atvinnustarfsemi og að þeir sem spjöllum valda bæti skaðann,
- ♀ að leitað verði allra leiða til þess að draga úr mengun af völdum umferðar m.a. með því að efla og bæta almenningssamgöngur,
- ♀ að gerð verði áætlun um nýtingu landsins, sem tekur fyrst og fremst mið af varðveislu landgæða og endurheimt þeirra sem tapast hafa á umliðnum öldum,
- ♀ að fólk sé hvatt til og því gert kleift að nota fjölnota umbúðir,
- ♀ að flokkun sorps til endurnýtingar og endurvinnslu verði stóraukin og gerð auðveldari. Frágangur ónýtanlegs sorps verði með þeim hætti, að ekki valdi tjóni í umhverfinu,

- ♀ að íslendingar taki þátt í alþjóðlegu starfi í umhverfis- og náttúrumerndarmálum og virði alþjóðasamninga í þessum málauflokum,
- ♀ að bannað verði að gera tilraunir með kjarnorkuvopn, framleiða þau og nota,
- ♀ að bættar verði aðstæður til móttöku ferðamanna og ferðapjónusta verði skipulögð með tilliti til viðkvæmrar náttúru landsins,
- ♀ að lög um rétt almennings til þess að fara um landið og njóta náttúrunnar verði virt,
- ♀ að allt frárennsli verði hreinsað áður en því er hleypt út í umhverfið,
- ♀ að landsvæði með fagurri og sérstæðri náttúru verði friðlýst,
- ♀ að rannsóknir á náttúru landsins verði efldar,
- ♀ að umsjón með rannsóknum og eftirlit með stofnstærðum villtra dýra á Íslandi verði á einni hendi,
- ♀ að stuðlað verði að umhverfisvakningu með stóraukinni fræðslu um alla þætti umhverfismála,
- ♀ að við útreikning þjóðhagstærða, mælingu á hagvexti og mat á arðsemi fjárfestinga verði tekið tillit til áhrifa á umhverfi og náttúrulegar auðlindir,
- ♀ að losun geislavirks úrgangs og eiturefna í hafið verði stranglega bönnuð.